

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 297/1994.

Birgir Þórhallsson

(Hreinn Pálsson hrl.)

gegn

Búnaðarbanka Íslands

(Ólafur Birgir Árnason hrl.)

Veðréttur. Tryggingarbréf. Ógilding samnings. Fjármál hjóna. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1994 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. sama mánaðar. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti skýrði stefndi kröfu sína um staðfestingu héraðsdóms nánar á þann hátt, að í henni fælist, að hann leitaði staðfestingar á, að veðréttur sinn í fasteign áfrýjanda, Miðholti 4 á Akureyri, samkvæmt tveimur tryggingarbréfum, út gefnum 24. september 1987 og 4. maí 1988, hvoru að fjárhæð 2.000.000 krónur, næði einnig til skulda Fiskverkuunar Birgis Þórhallssonar hf. við stefnda. Af hálfu áfrýjanda voru ekki gerðar athugasemdir við það, að þessi skýring fengi komist að í málinu.

Með fyrrgreindum tryggingarbréfum veitti áfrýjandi stefnda veðtryggingu fyrir „öllum skuldum og skuldbindingum“, sem hann kynni sjálfur að standa í við stefnda á hverjum tíma. Ágreiningur aðila varðar gildi samhljóða yfirlýsinga, sem eru ritaðar á tryggingarbréfin og dagsettar 10. október 1989, en í þeim segir: „Tryggingarbréf þetta gildir einnig vegna Fiskverk. Birgis Þórhallss. hf.“ Er óumdeilt, að áfrýjandi ritaði sjálfur nafn sitt undir þessar yfirlýsingar.

Krafa áfrýjanda um sýknu er á því reist, að stefndi geti ekki byggt rétt á umræddum áritunum á tryggingarbréfin til að sækja veðtryggingu í fasteign áfrýjanda fyrir skuldum áðurnefnds hlutafélags. Þetta

styður áfrýjandi í fyrsta lagi við þá málsástæðu, að á því tímabili, sem yfirlýsingarnar voru ritaðar á bréfin, hafi hann átt við verulegt áfengisvandamál að stríða. Hafi hann verið ölvaður, þegar starfsmenn stefnda fengu hann til að undirrita yfirlýsingarnar. Telur áfrýjandi það stríða gegn 33. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eins og henni var breytt með lögum nr. 11/1986, að bera yfirlýsingarnar fyrir sig. Í öðru lagi telur áfrýjandi yfirlýsingarnar ekki bindandi sökum þess, að eiginkona sín hafi ekki samþykkt þessa ráðstöfun, en í fasteigninni, sem hér um ræðir, haldi þau heimili. Í þriðja lagi byggir áfrýjandi á því, að yfirlýsingarnar hafi því aðeins getað orðið gildar, að stefndi hefði gætt að þinglýsingu réttinda sinna samkvæmt þeim, en það hafi hann vanrækt.

Í héraðsdómi er greint frá vitnisburði tveggja starfsmanna stefnda fyrir dómi, en þeir rituðu nöfn sín sem vottar neðan við nafnritun áfrýjanda á yfirlýsingarnar frá 10. október 1989. Kannaðist hvorugur þeirra við að hafa orðið var við áfengisáhrif á áfrýjanda, þegar hann hafi verið staddur á starfsstöð stefnda, hvorki við það tækifæri né annað. Gegn þessu hefur áfrýjandi ekki fært fram sönnur fyrir staðhæfingum sínum um, að hann hafi verið ölvaður við gerð yfirlýsinganna. Verður því ekki fallist á þessa málsástæðu.

Samkvæmt gögnum málsins er áfrýjandi þinglýstur eigandi fasteignarinnar Miðholts 4. Hann heldur því fram, að eiginkonu sinni hafi ekki orðið kunnugt um ráðstöfunina, sem fólst í umræddum yfirlýsingum, fyrr en við birtingu héraðsdómsstefnu 28. mars 1992. Af hálfu stefnda er þetta ekki vefengt. Telur áfrýjandi þetta leiða til ógildingar yfirlýsinganna vegna ákvæða 20. gr. áður gildandi laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna, sem eigi hér við samkvæmt 2. tölulið 139. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, auk þess sem vinnubrögð stefnda hafi að þessu leyti verið andstæð góðum starfsvenjum bankastofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 20/1923 er því hjóna, sem samþykki skortir frá til veðsetningar á fasteign í eigu hins, heimilt að höfða mál innan tiltekins frests í því skyni að fá veðsetningunni hrundið með dómi. Í ákvæðinu er hins vegar ekki ráðgert, að makinn, sem stóð sjálfur að veðsetningunni, geti borið atvik sem þessi fyrir sig til að leita ógildingar á eigin ráðstöfun. Þegar af þessum sökum verður ekki fallist á þessa röksemd áfrýjanda, en álitafni

um starfsvenjur bankastofnana í þessum efnum geta hér ekki ein út af fyrir sig orkað á gildi yfirlýsinga áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu og þar sem stefnda var ekki þörf á að fá þinglýst þeim breytingum, sem voru gerðar á tryggingarbréfum hans með yfirlýsingum áfrýjanda frá 10. október 1989, til að afla sér réttarverndar gagnvart útgefanda þeirra, verður sýknukrafa áfrýjanda ekki tekin til greina. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur um annað en málskostnað með þeim breytingum, sem leiðir af þeirri nánari afmörkun stefnda á kröfu hans um staðfestingu dómsins, sem áður greinir.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Staðfestur er veðréttur stefnda, Búnaðarbanka Íslands, samkvæmt tveimur tryggingarbréfum, út gefnum af áfrýjanda, Birgi Þórhallssyni, 24. september 1987 og 4. maí 1988, í fasteigninni Miðholti 4 á Akureyri fyrir kröfum stefnda á hendur Fiskverkun Birgis Þórhallssonar hf.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 3. maí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. f. m., hefur Búnaðarbanki Íslands, Austurstræti 5, Reykjavík, höfðað með stefnu, út gefinni 24. mars 1992 á Akureyri, birtri 28. s. m., gegn Birgi Þórhallssyni, Miðholti 4, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkenndur verði með dómi veðréttur sinn í húseigninni Miðholti 4, Akureyri, og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar [...].

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að við bættum virðisaukaskatti.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að með tveimur veðtryggingarbréfum, hvoru að fjárhæð 2.000.000 kr., báðum út gefnum af stefnda til stefnanda, öðru 24. 9. 1987 og hinu 4. 5. 1988, hafi stefnanda verið sett að veði með 4. og 5. veðrétti húseignin nr. 4 við Miðholt á Akureyri. Orðrétt segir svo í texta, sem er samhljóða á báðum tryggingarbréfunum: „Til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum, sem ég kann að vera í við Búnaðarbanka Íslands, útibúið á Akureyri, hvort sem eru ábyrgðir, sem bankinn hefur tekist á hendur fyrir mig, ábyrgðir mínar, víxlar, yfirdráttur á reikningi eða

annað að engu undanskildu, að fjárhæð allt að 2.000.000 kr., og allur kostnaður, er leiða kann af vanskilum mínum, þ. m. t. innheimtukostnaður og dráttarvextir, veðset ég hér með Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, fasteign mína, Miðholt 4, Akureyri, ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum, viðaukum öllum og endurbótum, hverju nafni sem nefnast.“

Með áritun á bæði bréfin 10. 10. 1989 sé tekið fram, að tryggingarbréfin gildi einnig vegna Fiskverkunar Birgis Þórhallssonar hf. Fiskverkun Birgis Þórhallssonar hf. hafi verið úrskurðuð gjaldþrota 11. 1. 1991, og hafi stefnandi lýst í þrotabúið kröfum, að fjárhæð 9.653.251.09 kr., auk vaxta og kostnaðar. Hafi þær kröfur verið samþykktar að fullu og ekkert komið upp í kröfurnar við sölu á eignum þrotabúsins og fyrirsjáanlegt, að svo verði ekki, enda þótt skiptum sé ekki lokið. Þar sem stefndi hafi ekki fallist á að greiða skuldir að baki veðtryggingarbréfunum eða semja um greiðslu þeirra sé málsókn þessi óhjákvæmileg.

Málsástæður stefnanda eru þær, að þar sem framangreind veðtryggingarbréf séu sett til tryggingar skuld þriðja manns, sé sér nauðsyn að fá veðrétt sinn í eign stefnda viðurkenndan og staðfestan með dómi til þess að öðlast aðfararheimild og geta gert fjárnám í húseign stefnda, Miðholti 4, Akureyri. Svo sem fyrr er rakið, hafi kröfur stefnanda í þrotabú Fiskverkunar Birgis Þórhallssonar hf. verið viðurkenndar, og heldur stefnandi því fram, að umrædd veðtryggingarbréf í Miðholti 4 séu til tryggingar þeim skuldum, svo langt sem veð hrökkva til.

Málsástæðum og málsatvikum lýsir stefndi svo, að áður fyrr hafi hann rekið bátasmiðaverkstæði á Akureyri og átt bankaviðskipti við stefnanda, og af því tilefni hafi hann gefið út þau tryggingarbréf, sem mál þetta snýst um. Ótvírætt sé, að bréfin standi til fullnustu á hverri þeirri skuld, sem þann rekstur varðaði. Síðan hafi hann stofnað hlutfélagið Fiskverkun Birgis Þórhallssonar hf., kt. 570388-1429, er síðar varð gjaldþrota, svo sem áður er greint. Um þetta leyti hafi stefndi átt við mikinn áfengisvanda að stríða og oft verið illa fyrir kallaður. Eitt sinn, er svo var ástatt, hafi hann verið staddur í Búnaðarbankanum og þá verið fenginn til að árita tryggingarbréf þessi með svofelldri „klásúlu“: „Tryggingarbréf þetta gildir einnig vegna Fiskverk. Birgis Þórhallssonar hf.“ og undirritað: „Fyrir h. Fiskv. Birgir Þórhallsson.“ Vottar, sem stefndi minnst þó ekki, að hafi verið viðstaddir, hafi verið tveir starfsmenn bankans, þeir Erling Einarsson og Gestur Jónsson. Þessu til áréttingar hefur stefndi lagt fram ljósrit af tryggingarbréfunum með ívitnaðri undirskrift, sem er bæði ódagsett og óvottuð. Telur stefnandi áritun þessa á tryggingarbréfin, sem hafi verið vegna allt annarra viðskipta en viðskipta hins gjaldþrota hlutfélags, í ljósi allra aðstæðna vera afskaplega

hæpin. Hefði stefnandi í raun átt að krefjast nýrra trygginga í formi annars eða annarra bréfa með formlegum hætti. Þá hafi ekki heldur verið leitað heimildar eiginkonu stefnda. Þá hafi þessari breytingu á bréfinu ekki verið þinglýst og því öðrum veðhöfum ekki ljós. Af þessum ástæðum verði að telja áritun stefnda á bréfunum marklausa, og ekki verði af hálfu stefnanda á henni byggt til viðurkenningar á rétti hans.

Stefnandi mótmælir þessum málsástæðum stefnda og bendir á, að eiginkona stefnda hafi upphaflega ritað samþykki sitt við veðsetningunni á bæði tryggingarbréfin, er þau voru upphaflega út gefin af stefnda, og samþykki maka hafi ekki þurft, þar sem ekki hafi verið um þyngjandi skuldbindingu að ræða, heldur hafi hér verið um eðlilegan gerning að ræða vegna breytingar á rekstrarformi hjá stefnda, er hann hætti rekstri einkafirma og breytti því í hlutafélagrekstur. Þá sé það alls ósannað, að stefndi hafi verið ölvaður, er hann undirritaði yfirlýsinguna 10. 10. 1989, og hefði eiginkona hans þá a. m. k. átt að höfða mál til ógildingar gjörð hans, er stefnan var birt í máli þessu, ef átt hefði að freista að hnekkja þessari skuldbindingu skv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 20/1923. Hafi ekki verið þörf að þinglýsa yfirlýsingu stefnda frá 10. 10. 1989 þar sem ekki sé deilt um veðröð.

Stefndi telur, að verði krafa stefnanda tekin til greina, nái veðið eingöngu til búshluta síns í fasteign sinni, Miðholti 4, Akureyri.

Til lagaraka fyrir kröfu sinni vísar stefndi til 33. gr. l. nr. 7/1936 svo og laga nr. 50/1988.

Hér fyrir dómi kannaðist stefndi við að hafa undirritað margnefnt tryggingarbréf, en ekkert muna um það, er hann undirritaði skjölin, eða tildrög þess, þar sem hann hafi á þessu tímabili átt við áfengisvandamál að stríða og verið meira og minna ölvaður eða illa fyrirkallaður. Hafi hann verið framkvæmdastjóri og prókúruhafi Fiskverkunar Birgis Þórhallssonar hf. og stjórnarformaður þess félags, en mundi ekki, hverjir voru í stjórn með honum. Hafi ákvarðanir í félaginu verið teknar í daglegu spjalli í kaffitímum á vinnustað, þar sem hluthafar og stjórnarmenn hafi starfað í starfsstöð félagsins, en þær ákvarðanir ekki færðar til bókar. Þá hafi hann ekki rætt við eiginkonu sína um hag félagsins og hún ekki komið nálægt rekstri þess. Hluthafar hafi ekki verið í persónulegum ábyrgðum fyrir félagið fyrir utan tryggingarvæðing fyrir yfirdrætti. Á þessum tíma hafi hann verið meira og minna ölvaður allan tímann, sem hann var framkvæmdastjóri félagsins, þ. e. a. s. frá stofnun þess og þar til það varð gjaldþrota. Taldi hann sig hafa fengið ljósrit tryggingarbréfa óvottuð og ódagsett hjá stefnanda, og hafi hann fyrst rætt við eiginkonu sína um veðsetninguna vegna félagsins, er honum var birt stefnan, og talið undirskrift sína á tryggingarbréfunum vera

óskuldbindandi, þar sem samþykki eiginkonu sinnar hafi ekki verið á þeim. Hann upplýsti, að hann hefði sjálfur undirritað í Búnaðarbankanum öll veðskjöl varðandi reksturinn, svo sem afurðalán og önnur skjöl.

Fyrir dóminn kom sem vitni Erling Einarsson, deildarstjóri í Búnaðarbankanum á Akureyri. Kvaðst vitnið minnst þess að hafa vottað tryggingarbréfin 10. 10. 1989 og skjölin verið undirrituð í sinni viðurvist. Vitnið kvaðst hafa vélritað dagsetninguna á bréfin, og hafi stefndi verið allsgáður, er hann undirritaði skjölin, svo og hafi hann verið allsgáður í öll þau skipti, er hann gekk frá skjölum í bankanum, að því er vitnið best vissi, enda hefði stefndi ekki verið látinn taka á sig skuldbindingar, hefði hann verið ölváður. Tilgangurinn með undirrituninni 10. 10. 1989 hefði verið að auka tryggingu bankans, þar sem stefndi hefði breytt einkarekstri sínum í hlutafélag og bankinn því þurft tryggingu félagsins. Aðspurt sagði vitnið, að ekki væri ævinlega leitað samþykkis maka fyrir veðsetningu, það færi eftir upplýsingum á veðbókarvottorði. Vitnið kvaðst hafa séð um afurðalán í bankanum og hafa frétt, að stefndi ætti við einhvern áfengisvanda að stríða, en hann hafi ætíð verið allsgáður, er hann átti viðskipti við vitnið. Aðspurt um mun á tryggingarbréfunum, sem stefnandi hefur lagt fram í frumriti og stefndi í ljósriti, sagði vitnið hann sennilega til kominn vegna þess, að stefndi hefði fengið ljósritin af breytingunum á tryggingarbréfunum, áður en búið var að votta þau.

Fyrir dóminn kom sem vitni Gestur Jónsson, deildarstjóri í Búnaðarbankanum á Akureyri. Vitnið kannaðist við undirskrift sína á frumrit tryggingarbréfanna, en kvaðst ekki hafa verið viðstatt, er stefndi undirritaði skjölin 10. 10. 1989. Erling Einarsson hefði komið með skjöl þessi til sín og vitnið þekkt undirskrift stefnda. Taldi vitnið, að Erling hefði komið með skjölin, fljótlega eftir að stefndi undirritaði þau, því að sér hefði verið falið af fyrrverandi útibússtjóra að ganga frá tryggingum við stefnda, sem þá hafði breytt rekstri sínum úr einkafirma í hlutafélag. Sagði vitnið, að stefndi hefði að mestu verið í afurðalánaviðskiptum við bankann og Erling Einarsson og fyrrverandi útibússtjóri séð um þau viðskipti að mestu. Vitnið minntist þess ekki að hafa hitt stefnda í bankanum áberandi ölváðan eða séð á honum áfengisáhrif.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, svo sem hér að framan hefur verið rakið, að enda þótt stefndi hefði átt við áfengisvanda að stríða, er hann undirritaði yfirlýsinguna á tryggingarbréfin f. h. Fiskverkunar Birgis Þórhallssonar hf., sé ósannað, að hann hafi verið ölváður, er hann undirritaði hana, þó að hann

muni ekki nánar um tildrög undirritunarinnar, og kemur því 33. gr. laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 50/1988, ekki til álita í þessu viðfangi að mati dómsins. Telja verður það eðlilegt af hálfu stefnanda að afla tryggingar hjá stefnda, er hann breytti um rekstrarform úr einkarekstri með ótakmarkaða ábyrgð yfir í rekstur með takmarkaða ábyrgð, og að það misræmi, sem kemur fram á þeim tryggingarbréfum, er stefnandi hefur lagt fram, og á þeim ljósritum, sem stefndi hefur lagt fram, að skýring vitnisins Erlings Einarssonar sé sennileg.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber því að taka kröfur stefnanda til greina að fullu og viðurkenna veðrétt hans samkvæmt margnefndum tryggingarbréfum. Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Viðurkenndur er veðréttur stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, í húseign stefnda, Birgis Þórhallssonar, Miðholti 4, Akureyri. Stefndi greiði stefnanda málskostnað, 150.000 kr.
